

Árið 2012, miðvikudaginn 12. desember, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. E-1096/2011:

Arion banki hf.

gegn

Kristjáni Stefánssyni

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r:

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. nóvember sl., að lokinni aðalmeðferð var höfðað fyrir dómþinginu af Arion banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík, á hendur Kristjáni Stefánssyni, Frostaskjóli 81, Reykjavík, með stefnu birtri 24. febrúar 2011.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 7.440.366 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 31. júlí 2009 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði, dagsettum, 26. október 2011, var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

Með úrskurði, dagsettum 20. apríl 2012, var málinu vísað frá dómi, ex officio, en með dómi Hæstaréttar Íslands, dagsettum 22. maí 2012, var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar á ný.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

II

Stefndi sótti um að opna veltureikning með heimild til yfirdráttar hjá Kaupþingi banka hf., nú Arion banka hf., stefnanda málsins, hinn 20. október 2005 og var umsókn hans samþykkt með stofnun reiknings nr. 5610 í Vesturbæjarútibúi bankans. Með bréfi stefnanda, dagsettu 21. janúar 2009 var stefnda tilkynnt að yfirdráttarskuld á reikningnum væri í vanskilum og þar sem tilkynningu um niðurfellingu hefði ekki verið sinnt mætti búast við innheimtuaðgerðum. Yfirdráttur á reikningnum hinn 31. júlí 2009 nam 7.440.366 krónum, er heimild til yfirdráttar hafi runnið út á umræddum reikningi.

Með innheimtubrési, dagsettu 25. ágúst 2009 skoraði stefnandi á stefnda að greiða skuldina ásamt vöxtum og kostnaði.

Eins og að framan greinir var málið höfðað til innheimtu skuldarinnar, með birtingu stefnu hinn 24. febrúar 2011.

Stefnandi byggir á því að skuldin hafi ekki fengist greidd, þrátt fyrir innheimtutilraunir, og því sé honum nauðsynlegt að höfða mál þetta til innheimtu hennar.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til meginreglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Einnig vísar stefnandi til laga nr. 7/1936, um samninga, umboð og ógilda löggerninga.

Um aðild sína að málinu vísar stefnandi til 100. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að taka vald hluthafafundar Kaupþingsbanka hf. og víkja stjórn bankans og skipa skilanefnd yfir hann, með heimild í lögum nr. 125/2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 21. október 2008, var ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka hf. ákveðin.

Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, byggir stefnandi á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki haft heimild til þess að loka á reikningsviðskipti stefnda. Stefndi hafi á engan hátt brotið gegn þeim skilmálum sem hann hafi gengist undir. Stefndi hafi ekki sýnt fram á slíkar heimildir né hafi stefnandi á nokkurn hátt krafið stefnda um greiðslu og hafnar stefnandi því að hafa nokkru sinni mótttekið greiðsluáskorun vegna þessa. Að öllu megi því vera ljóst að ákvörðun stefnanda að sækja mál þetta byggist á einhliða geðþóttaákvörðun.

Í greinargerð kom fram að stefndi áskildi sér rétt til þess að hafa uppi kröfu til skuldajafnaðar í málinu. Stefndi hafi lýst kröfu í þrotabú hins fallna Kaupþings banka og sé mál vegna þessa rekið fyrir dómstólunum.

Um lagarök vísaði stefndi til almennra reglna kröfu- og sammingsréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Einnig vísaði stefnandi til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum ákvæða 80. gr. þeirra laga.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 1. mgr. 130. gr. og c- lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu á skuld á bankareikningi, sem stefndi á hjá stefnanda. Er byggt á því, að innistæða hafi ekki verið á reikningnum fyrir þessum úttektum stefnda, en yfirdráttarheimild stefnda hafi runnið út 31. júlí 2009. Hafi við það stofnast greiðsluskylda stefnda.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi frávísunar málsins og var það flutt um frávísunarkröfu stefnda hinn 12. október 2011. Úrskurður var kveðinn upp 26. október 2011, þar sem frávísun málsins var hafnað. Í forsendum úrskurðarins kom m.a. fram, að lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála, geri ráð fyrir frekari gagnaöflun á síðari stigum, gefi andmæli stefnda tilefni til þess. Eins og að framan greinir var málinu síðan vísað frá dómi, ex officio, með úrskurði, dagsettum 20. apríl 2012, en með dómi Hæstaréttar Íslands, dagsettum 22. maí 2012, var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar á ný.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að umræddur reikningur stefnda hjá stefnanda var yfirdreginn um umstefnda fjárhæð, er stefnandi felldi niður yfirdráttarheimildina og krafði stefnda um greiðslu. Er ekkert fram komið í málinu um að stefnanda hafi ekki verið það heimilt, eins og stefndi heldur fram.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi skýrslu, sem og sonur hans, Páll Kristjánsson. Kom fram í framburði þeirra, að umstefnd skuld væri hluti af skuldum einkahlutafélagsins Heiðarverks ehf. við stefnanda og hefði umstefnd skuld verið greidd er gengið hafi verið frá heildaruppgjöri félagsins og stefnda við stefnanda með greiðslu á 32.000.000 króna, eftir að málið var höfðað. Stefndi hafi hins vegar aldrei afhent stefnda fullnaðaruppgjörið, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Í framburði þeirra kom og fram að annað mál milli stefnanda og stefnda og Heiðarverks ehf. hefði verið rekið fyrir dómstólnum og það mál hefði verið fellt niður í lok september sl., að kröfu lögmans stefnanda, án þess að sótt hefði verið þing af hálfu stefndu.

Í þinghöldum hefur stefndi einnig haldið því fram, að gengið hafi verið frá uppgjöri vegna umstefndrar skuldar í tengslum við heildaruppgjör skulda einkahlutafélagsins Heiðarverks, eign stefnda. Hefur stefndi ítrekað óskað eftir því við lögmann stefnanda að afhent yrði fullnaðaruppgjör og upplýsingar um hvernig fjármununum hefði verið ráðstafað af stefnanda. Í þinghaldi hinn 8. nóvember 2011 lagði stefndi fram gögn, sem sýna að mál milli stefnanda annars vegar og Heiðarverks og stefnda hins vegar, var, á sama tíma og mál þetta, rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, en fellt niður, að kröfu lögmans stefnanda, án þess að sótt væri þing af hálfu stefndu. Jafnframt skoraði stefndi á lögmann stefnanda að leggja fram endurrít af samtölum starfsmanns stefnanda við son stefnda, og umboðsmann. Stefndi hefur hafnað því að verða við umbeðnum áskorunum, og fullyrt að umrædd greiðsla stefnda tengist með engu móti umstefndri skuld og skuldin hefði ekki verið greidd eftir að málið var höfðað. Samkvæmt framlögðum gögnum var skuld Heiðarverks ehf. við stefnanda, er umrædd greiðsla fór fram, samtals 47.130.266 krónur.

Þegar framangreint er virt, um það sem fram hefur komið í málinu eftir framlagningu greinargerðar stefnda, sem og gögn málsins, sem lögð hafa verið fram eftir uppkvaðningu úrskurðarins, er ljóst að gengið var frá einhvers konar uppgjöri vegna skulda félags stefnda við stefnanda eftir að málið var höfðað. Gögn málsins bera með sér að í september 2011 hafi verið gert samkomulag milli stefnanda og Heiðarverks ehf., eign stefnda, að félagið myndi greiða 32.000.000 króna, sem fullnaðargreiðslu á skuldum þess félags við stefnanda, sem ekki myndi krefja félagið um frekari greiðslur. Í samræmi við það samkomulag voru stefnanda greiddar 32.000.000 króna 16. september 2011 og í framhaldinu felldi stefndi niður innheimtuaðgerðir vegna skulda félagsins. Gögn málsins um lögskipti aðila bera hins vegar ekki með sér að það samkomulag hafi jafnframt tekið til greiðslu á umstefndri skuld stefnda. Þegar framangreint er virt verður því ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á eða gert sennilegt að stefndi hafi þegar greitt stefnanda umkrafða fjárhæð. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að stefndi greiði honum umstefnda fjárhæð, með dráttarvöxtum eins og krafist er, eða frá gjalddaga skuldarinnar er yfirdráttarheimild á reikningnum rann út.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur, og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Kristján Stefánsson, greiði stefnanda, Arion banka hf., 7.440.366 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 31. júlí 2009 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Hervör Þorvaldsdóttir